

Ed.

179. Nefndarátt

um frumvarp til vegalaga.

Frá samgöngumálanefnd.

Frumvarp þetta er fram komið samkvæmt ítrekuðum óskum þingsins, síðast árið 1923, enda var það loforð þá gefið af hálfu landsstjórnarinnar, um leið og viðhaldi Flóavegarins og Borgarnesbrautarinnar var ljett af viðkomandi sýslum, að frv. slikt sem það, er hjer liggur fyrir, skyldi verða lagt fyrir þetta þing.

Vegalögin frá 1907 skifta vegum hjer á landi í 5 flokka, nefnilega: flutningabrautir, þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppsvegi, og gildir sú meginregla um vegi þessa, að viðhald flutningabrautanna og akfærra kafla þjóðvega í byggð skuli smám saman leggjast á viðkomandi sýslusjóði, en hinsvegar greiðist úr ríkissjóði kostnaður vegagerða á þjóðvegum og flutningabrautum.

Óánægja með lögin frá 1907 kom brátt í ljós, og varð hennar þráfaldlega

vart hjer í þinginu bæði árin 1914, 1915, 1919 og nú síðast 1923, uns það loford fjekst frá stjórninni, sem getið er um hjer að ofan.

Þetta frv. skiftir vegunum í 4 flokka, sem sje: þjóðvegi, fjallvegi, sýsluvegi og hreppsvegi.

Hjer er því hætt að tala um flutningabrautir sjerstaklega, en þær látar heyra til þeim vegaflokki, er þjóðvegir nefnast.

Auðsætt er, að með þessu frv. er miklu ljett af sýslufjelögum landsins að því er snertir viðhald á þjóðvegunum innan bygða.

En þess ber að gæta, að sýslufjelögin hafa yfirleitt talið sjer ófært að uppfylla skilyrði laganna frá 1907 um viðhald greindra vega. Ef halda ætti áfram að byggja á lögum þessum, myndi viðhald veganna framvegis verða ófullnægjandi eins og það hefir verið hingað til.

Að sjálfsögðu má gera ráð fyrir, ef frv. verður að lögum, að sýslunum veitist hægara en áður að halda vegum innan sýslna í góðu ásigkomulagi.

Um fjallvegi ætlast frv. til, að gildi sömu ákvæði og í núgildandi lögum, og hið sama er að segja um sýslu- og hreppsvegi, að öðru leyti en því, að sýslu- og hreppsvegagjald er hækkað að mun, eins og sjálfsagt er.

Eins og sjá má af framanskráðu, eykst allmjög við frv. lengd þeirra vega, sem teljast þjóðvegir, og er það þó nokkuð misjafnt í hinum ýmsu landshlutum.

Aukningin verður einna mest í Þingeyjar- og Strandasýslum. Þó ber þess að geta, að þar eru það aðallega reiðfærir vegir, sem orsaka lengdaraukninguna, og mikið af þeim fjallvegir, sem áður hefir verið lagt fje til úr ríkissjóði.

Nefndin er frv. í öllum aðalatriðum sammála. Henni dylst þó eigi, að með samþykkt þess aukast útgjöld ríkissjóðs að miklum mun, en það er hvorttveggja, að reynsla þykir vera fengin fyrir því, að ákvæði vegalaganna frá 1907 nái ekki tilgangi sínum, og eins hitt, að öll sanngirni mælir með því fyrirkomulagi í heild sinni, sem frv. fer fram á.

Hinsvegar þykir rjett að taka það fram nú þegar, að nefndin litur svo á, að með tilliti til núverandi fjárhags ríkisins sje þess ekki að vænta í náinni framtíð, að neinu fje sje varið til lagningar nýrra vega, heldur að eins til viðhalds, þar sem brýn nauðsyn krefur.

Að því er hinar einstöku greinar snertir, vill nefndin geta þess, að hún getur ekki fallist á það, að látið sje vera óákveðið, hvar Biskupstungnabraut eigi að liggja frá Torfastöðum að vegamótum Geysisbrautar.

Nefndinni hafa borist mjög eindregnar áskoranir frá búendum því nær öllum í Biskupstungum og nokkrum búendum ofan til í Ytrihepp um, að Biskupstungnabraut, sem nú er fullger upp fyrir Brúará upp í vestari hluta Biskupstungna, verði lögð hjá Vatnsleysu, og þannig valin hin svo kallaða eystri leið.

Þetta er nauðsynlegt að ákveða nú þegar, þareð hreppur sá, er í hlut á, verður að haga innanhjeradsvegagerðum sínum eftir því, hvar brautin verður ákveðin.

Að því er Norðurlandsveg snertir, hafa nefndinni borist tilmæli frá þingmönnum Húnavatnssýslu um það, að breytt sje til um legu fyrirhugaðs vegar um Línakradal og Vesturhóp yfir Viðidalsá fyrir utan Faxalæk, og hann látinn liggja þar, sem heitir Múlavegur sunnan við Stórhól, og sem leið liggur að brúarstæði

á Viðidalsá hjá Steinsvaði, eða með öðrum orðum nálægt því, sem þjóðvegurinn er nú, og þykir auðsætt, að taka heri þær óskir til greina, og það því fremur sem ríkissjóði mundi sparast um 60000 króna við þessa breytingu, eftir því sem segir í greinargerð frv.

Í 49. gr. frv. er svo ákveðið, að verslunarstaðir, sem eru hreppsfielag út af fyrir sig, skuli vera lausir við að greiða sýsluvegagjald, ef hreppsfielagið hafi næsta ár á undan því, er það sýsluvegagjald var á lagt, varið jafnmiklu fje úr sveitarsjóði til vegagerða og sýsluvegagjaldinu nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem fyrir hendi var það ár, enda hafi hreppsvegagjaldið þá ekki verið lægra en 4 kr. á hvern verkfæran mann.

Nefndinni þykir þetta vera of skamt farið, og vill hún setja lágmark hreppsvegagjalds í slíkum tilfellum 5 kr.

Í 52. gr. frv. eru ákvæði um það, að enginn megi skilja eftir á vegi vagna, er hindri umferð, og ef hestur sje fyrir vagni, skuli hann bundinn á einhvern tryggilegan hátt.

Nefndin getur ekki sjeð, að tryggilegt geti verið að hafa hesta fasta við vagna, sem yfirgefa verður á vegum, og vill hún breyta greininni þann veg, að ökumanni sje ávalt skylt að leysa hest frá vagni undir slíkum kringumstæðum.

Með þeim undantekningum, sem hjer hafa verið greindar, er nefndin frv. samþykk, og leyfir hún sjer því að leggja það til, að háttvirt deild samþykki það með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. A. 4.

Á eftir »Biskupstungur« bætist inn í: hjá Vatnsleysu.

2. Við 2. gr. C. 1.

Í staðinn fyrir »um Línakradal utan Faxalæk« komi: um svonefndan Múlaveg, sunnan við Stórhól, vestan við Auðunnarstaði að brúarstæði á Viðidalsá hjá Steinsvaði.

3. Við 49. gr.

Í staðinn fyrir »4 kr.« komi: 5 kr.

4. Við 52. gr.

Í staðinn fyrir »en ef hestur tryggilegan hátt« komi: enda sje hesturinn þá leystur frá vagninum.

Alþingi, 19. mars 1924.

Eggert Pálsson,
form.

Jóhann P. Jósefsson,
skrifari og frsm.

Einar Árnason,
með fyrirvara.

Guðm. Ólafsson.

Hjörtur Snorrason.